

Uppreisn Þórbergs Þórðarsonar gegn hefðinni

Þankar um bók Soffíu Auðar Birgisdóttur, Ég skapa þess vegna er ég.

Þórbergur Þórðarson (1888–1974) var á sínum tíma einhver frægasti og umdeildasti rithöfundur Þjóðarinnar og segja má að bæði ævi hans og verk hafi löngum verið mönnum nokkur ráðgáta. Eftir dauða Þórbergs hefur talsvert verið gefið út af áður óbirtum skrifum hans og ýmislegt ritað um skáldið og verk þess.

Af þeim skrifum Þórbergs sjálfs er helst að nefna:

Ólíkar persónur. Fyrstu ritverk í óbundnu máli 1912–1916. Útgefandi: Sigfús Daðason. Ljóðhús. Reykjavík 1976.

Bréfin hans Þórbergs til Lillu Heggju og Biddu systur. Hjörtur Pálsson sá um útgáfuna og skráði skýringar og viðtöl. Útgefandi: Vaka, bókaforlag. Reykjavík 1982.

Bréf til Sólu. Bréf til Sólrúnar Jónsdóttur rituð af Þórbergi Þórðarsyni. Indriði G. Þorsteinsson ritaði inngangskafli. Útgefandi Guðbjörg Steindórsdóttir 1983.

Ljóri sálar minnar. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1909–1917. Helgi M. Sigurðsson bjó til prentunar. Mál og menning. Reykjavík 1986.

Mitt rómantíska æði. Helgi M. Sigurðsson bjó til prentunar. Mál og menning. Reykjavík 1987.

Meistarar og lærisveinar eftir stóra ævisögulega handritinu. Arngrímur Vídalín bjó til útgáfu. Forlagið. Reykjavík 2010.

Helstu skrif um Þórberg og verk hans að honum látnum:

Sigfús Daðason: „Þórbergur Þórðarson“. *Andvari*, nýr flokkur, 106. ár: 3. Reykjavík 1981. Endurprentað í: Sigfús Daðason: *Ritgerðir og pistlar*. Þorsteinn Þorsteinsson annaðist útgáfuna. Reykjavík 2000.

Helgi M. Sigurðsson: *Frumleg hreinskilni*. Þórbergur Þórðarson og mannlífið á mölinni í upphafi aldar. Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1992.

Halldór Guðmundsson: *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*. JPV útg. Reykjavík 2006.

Pétur Gunnarsson: *ÞÞ í fátæktarlandi*. JPV útg. Reykjavík 2007.

Pétur Gunnarsson: *ÞÞ í forheimskunarlandi*. JPV útg. Reykjavík 2009.

„*að skilja undraljós*“ Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni. Ritstjórar: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2010.

Hér að framan er aðeins getið um stærri verk sem fjalla um Þórberg og verk hans og er til dæmis öllum námsritgerðum, blaðgreinum og greinum í tímaritum sleppt nema ritgerð Sigfúsar Daðasonar í Andvara. En nú skal vikið að síðasta og mesta verkinu sem skrifað hefur verið um Þórberg og ritstörf hans.

Í fyrra gaf Soffía Auður Birgisdóttir út bókina, *Ég skapa þess vegna er ég*, um skrif Þórbergs Þórðarsonar. Hún lagði hana síðan fram til doktorsvarnar við Háskóla Íslands á þessu ári og er nú orðin doktor í verkum ofvitans úr Suðursveitinni. Bók Soffíu er mikið rit, 358 síður, og vandað að öllum frágangi og uppsetningu. Hún skiptist í níu kafla fyrir utan Inngang og Lokaorð. Í Inngangi gerir Soffía grein fyrir því hvernig hún fjallar um verk Þórbergs og út frá hvaða forsendum og segir þar:

Ástæða er til að áréttu að ég skoða skrif Þórbergs fyrst og fremst sem bókmenntatexta og athyglin beinist að fagurfræðilegum eiginleikum þeirra. Ég greini og túlka skrif hans og tengi við íslenskar og erlendar bókmenntir fremur en að túlka þau út frá æviferli hans eins og aðrir hafa gert svo ágætlega áður.¹

¹ *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 17.

Hún tekur það þó skilmerkilega fram á eftir að vitaskuld tengist skrif Þórbergs hans eigin ævi og þeim atburðum úr henni sem hann lýsir í skáldskap sínum. Og það má reyndar segja að verk Soffíu fjalli einmitt um það hvernig Þórbergur vinnur stöðugt að því í skrifum sínum að búa ævi sinni og reynslu „nýtt“ bókmenntagervi, sem speglar sögu skáldsins, lífsreynslu þess og hugmyndir á annan hátt en tíðkast hafði áður í ævisögulegum verkum. Umfjöllun hennar snýst fyrst og fremst um fagurfræði þessa bókmenntagervis eða kannski réttara sagt bókmenntagerva.

Í Inngangi og fyrstu tveim köflunum fjallar Soffía stuttlega um helstu bækur Þórbergs og viðtökur þeirra og fer þar nokkuð vítt yfir svið. Hún gerir grein fyrir því hversu mönnum hefur frá fyrstu tíð reynst erfitt að átta sig á hvernig bæri að skilgreina verk hans og flokka þau. Og hún ræðir um trúðinn og sérvitringinn, hinn brennandi hugsjónamaður og spámann, og skrif hans um sjálfan sig sem mætti jafnvel „skilgreina [. . .] sem ævigoðsagnagerð (e. biomythography)“².

Þriðji kaflinn fjallar sérstaklega um *Bréf til Láru* þar sem Þórbergur segir meðal annars frá því þegar hann varð óléttur en þann fyrirburð nefndi hann „eitt af fyrstu sköpunarverkum [síns] auðuga ímyndunarafls.“³ En í þeirri bók eru vissulega fleiri sköpunarverk hins „auðuga ímyndunarafls“ Þórbergs og auk þess bæði form og efni nýjung í íslenskum bókmenntum. Það er því ekki að undra þó Soffía fjalli rækilega um *Bréfið*, viðtökur þess og hið „nýja bókmenntagervi“ sem líta má á sem þema verks hennar um skrif Þórbergs. Í kaflanum er gerð grein fyrir ýmsum mikilvægum áhrifavöldum *Bréfsins*, fjallað er um hina rómantísku hæðni í verkinu sem menn hneyksluðust mjög á enda óvanir því að henni væri beitt svo markvisst í lausu máli. Áður hafði Soffía rakið áhrif Heines á ljóð Þórbergs og hvernig hann beitir rómantískri hæðni í anda hins þýska skálds óspart í ljóðum sínum. En áhrif Heines eru ekki einungis spröttin frá ljóðum skáldsins heldur virðist svo sem Þórbergur hafi haft í huga bók Heines, *Ideen. Das Buch le Grand*, er hann hóf ritun *Bréfs til Láru* og vitnar Soffía þar til Eysteins Þorvaldssonar sem áður hafði bent á hana sem fyrirmynd að *Bréfi til Láru* í hausthefti *Skírnis* 1997. Bók þessi kom út í þýðingu Hauks Hannessonar árið 2002 og nefnist þar *Hugmyndir. Bók le Grands*.⁴ Soffía nefnir síðan ýmiss konar skyldleika með verkum og lífi Heines og Þórbergs og vitnar í því sambandi til fyrstu kynningar á Heine og verkum hans á íslensku í *Fjölni* 1835. Hún nefnir ýkjástíl þeirra beggja og hið lausbeislaða form og segir „hinar fjölbreytilegu sjálfsmyndir sem finna má í lausamálsskrifum Heines [...] kannski það atriði sem þeir Þórbergur eiga helst sameiginlegt.“⁵

En það sem kannski er mest nýjung í þessum kafla er umfjöllun Soffíu um *Alþýðubók* séra Þórarins Böðvarssonar (*Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi*) og uppáhald Þórbergs á henni í æsku og reyndar alla tíð síðan. Soffía veltir því þar fyrir sér hvort það hafi einungis verið efni bókarinnar sem haft hafi áhrif á Þórberg „eða einnig hið lausbeislaða form hennar.“ Og hún nefnir einnig að Þórarinn geti þess í *Alþýðubókinni* að hann hafi

stráð innanum nokkru gamni, en aðeins í þeim tilgangi að leiða ungmenni til að lesa það sem alvarlegra er.⁶

Einmitt það sama gerði Þórbergur og reyndar í miklu meira mæli en Þórarinn í *Alþýðubókinni*. Þar er skyldleikinn við Heine augljósari en fjölbreytni efnis og nákvæmni í ritum Þórbergs eiga sér vissulega ýmsar hliðstæður í *Alþýðubókinni*. Í þessum kafla vísar Soffía einnig til

² *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 41.

³ Þórbergur Þórðarson: *Bréf til Láru*. II. útgáfa. Reykjavík 1925, bls. 103.

⁴ Sjá *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 100.

⁵ Sjá *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 101.

⁶ Þórarinn Böðvarsson: *Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi* Kh. Prentuð hjá Hlöðvi Klein 1874, IV.

greinar Ástráðs Eysteinsonar í Skírni 1989, „Baráttan gegn veruleikanum.“ Þar fjallar Ástráður um „hið opna verk“ sem ekki hlítir lögmálum hins hefðbundna skáldverks. Og einnig fjallar hann þar um „bókmenntasmágreinar“ en Þórbergur skrifaði fjölda slíkra greina og gaf nokkrar þeirra út í *Pistilinn skrifaði* I 1933. Ljóst er af númerinu að hann hefur hugsað sér framhald útgáfunnar í sama pistla-formi. Ekkert varð þó af því en áfram hélt hann að skrifa sams konar pistla þótt ekki gæfi hann þá út sem framhald af *Pistilinn skrifaði*.

Soffía er sammála Ástráði í því að bækur Þórbergs séu opin verk og segir síðan:

þær eru ekki skáldsögur, ekki hefðbundnar sjálfsævisögur, tilheyra ekki hreinræktadri tegund og ljóst má vera að þær eru skrifaðar af höfundum sem er í virku andófi gegn íslensku skáldsögunni eins og hún hafði þróast á sínum stutta líftíma.⁷

Ég hef dvalið hér svo lengi við þriðja kafla bókar Soffíu Auðar vegna þess að í honum koma fram ýmis meginatriði verksins í lýsingu hins nýja bókmenntagervis og uppreisnar Þórbergs gegn hefðinni.

Fjórði kafli nefnist „Heimanfylgja Þórbergs og endurgjald“. Hann fjallar um Suðursveitarbækur Þórbergs sem eru: *Steinarnir tala* (1956), *Um lönd og lýði* (1957), *Rökkuróperan* (1958) og fjórða bókin sem Þórbergur lauk aldrei við en var gefin út að honum látum ásamt hinum þrem 1975 undir nafninu *Í Suðursveit*. Allar eru þessar bækur sjálfsævisöguleg verk, lýsing náttúru og mannlífs í Suðursveit í æsku Þórbergs og jafnframt þroskasaga hans, séð með augum barnsins og unglingsins sem hefur öðlast yfirsýn hins lífsreynda manns. Soffía lýsir efnistökunum í bókunum svo:

Hægt er að sjá ákveðið ferli í þróun sjálfsmýndar Þórbergs í öllum fjórum bókum Suðursveitarbálksins. Í *Steinarnir tala* er lýst vaknandi vitund barnsins sem þroskast í tengslum við nánasta umhverfi þess og hluti; í *Um lönd og lýði* er það samspil vitundar og náttúru sem er í brennidepli og í báðum þessum bókum er lítil áhersla á annað fólk. Í síðari bókunum tveimur breytist þetta. Í *Rökkuróperunni* þroskast sjálfsvitundin í samspili við önnur börn í gegnum leiki og í *Fjórðu bók* er komið að flóknari menntun: Barnið og unglundurinn Þórbergur nemur fróðleik af hinum fullorðnu við lestur, sagnalist, trúarfræðslu og skemmtun, með öðrum orðum þá alþýðumeningu sem var í hávegum höfð á Hala.⁸

Soffía gerir grein fyrir því hversu mjög rómantískur frásagnarháttur einkennir frásagnir Þórbergs úr Suðursveit. Landslag er lífi gætt, steinar og náttúrufyrirbæri persónugerð því þannig skynjar barnið, Þórbergur, umhverfi sitt. Náttúran og vitund og sjálf Þórbergs renna saman í eitt og það eru einmitt persónugervíngarnar, myndmálið og lífmögnun náttúrunnar sem skapa þessa einingu. Þótt erlendir straumar og rómantik 19. og 20. aldar ráði vitaskuld miklu um lífmögnun náttúrunnar í Suðursveitarbókunum má ekki heldur gleyma því að landslag og fyrirbæri náttúrunnar hafa alltaf átt sitt líf í hugum fólks í sveitum landsins. Steinar heita Karlar og Kerlingar og draga nafn af lögun sinni og bústaðir álfa og tröllu eru um allt og þjóðsögur um annan ósýnilegan heim eru hvarvetna til. Og fyrir hinni lífrænu heildarhyggju gerir Soffía ágæta grein og nefnir að ekki sé

bara um að ræða innflutta rómantíska orðræðu því texti Þórbergs er ævinlega rótfestur í hans eigin reynslu. [. . .] List Þórbergs er fólgin í því að taka slíka hversdagsreynslu og umskapa í lýsingu sem vísar í þekkt bókmenntaminni.⁹

Saga ofvitans í Suðursveit hefst þar sem steinarnir tala og vitund barnsins vex og þroskast í umhverfi sem er lífi gætt eins og skepnurnar og fólkið. Smám saman víkkar sviðið, fólkið á

⁷ Ég skapa þess vegna er ég, bls. 80.

⁸ Ég skapa þess vegna er ég, bls. 127–128.

⁹ Ég skapa þess vegna er ég, bls. 139.

Hala og nágrannarnir fara að taka meira pláss. Þórbergur lærir að lesa og skrifa og það ásamt kvöldvökunum stækkar heim barnsins. Og ekkert er eins heillandi fagurt og franskar skútur við sjónarrönd sem vekja með honum útþrá og löngun til að kanna hið óþekkt.

Fimmti kafli bókarinnar nefnist „Frjóvgun hugmynda.“ Hann fjallar um fyrstu Reykjavíkurár Þórbergs og menntun hans innan og utan skóla.

Þetta æviskeið hans hefst er hann flytur úr Suðursveitinni til Reykjavíkur vorið 1906. Fyrstu þrjú árin voru ár stritvinnu og sjómennsku en þá tekur við tímabilið 1909 til 1913 sem segir frá í Ofvitanum og Íslenzkum aðli og endar með því að hann fær skjól í Unuhúsi. Hér segir og frá Unuhússvistinni og námi hans í íslenskum fræðum hjá Birni M. Ólsen í norrænudeild Háskólans. Á þessum árum er Björn einmitt að kynna nemendum sínum bókfestukenninguna um skáldlega tilurð Íslendingasagnanna og leiðir Soffía líkur að því að hugmyndir Björns um hina skáldlegu þætti Íslendingasagna hafi mótað viðhorf Þórbergs til frásagnarlistar og haft mikil áhrif á hans eigin skrif. Því til staðfestingar vitnar hún til Þórbergs sjálfs í samtali við Matthías Johannessen þar sem hann segist hafa

lyft lifandi fólki upp á hærra svið og tekizt oftast að segja þannig frá á meira eða minna skáldlegan hátt. Það er minn skáldskapur. Ég hef valið þessa leið. [. . .] Ég hygg þetta sé dálítið svipuð aðferð hjá mér og höfundar Íslendingasagna höfðu.¹⁰

Soffía bendir á að þessa sjáist enda glögg merki í persónulýsingum Þórbergs þar sem hann getur jafnan uppruna þeirra manna sem hann lýsir, ytra atgervis og skapperðareinkenna eins og gert er í sögunum.

Og það gefur augaleið að vitaskuld hefur hann einnig beitt þessum aðferðum þegar hann lýsir atburðum og kringumstæðum þeirra.

Sjötti kafli bókar Soffíu nefnist „Sæti á skáldabekk?“ og er undirfyrirsögn hans „*Skopkvæðaskáldið Styrr stofuglamm og ljóðskáldið Þórbergur Þórðarson*“.

Í þessum kafla gerir Soffía rækilega grein fyrir hinni yfirgripsmiklu þekkingu Þórbergs á íslenskri ljóðlist frá upphafi vega og bendir sérstaklega á hvernig tvísæið og hin rómantíska hæðni, sem einkennir ljóð Þórbergs, einkennir líka skrif hans í óbundnu máli og nefnir í því sambandi hina rómantísku upphafningu í *Íslenzkum aðli* sem annað veifið er rofin af hinum „fúla veruleika.“¹¹ Og þetta á vissulega við mörg önnur verk Þórbergs í óbundnu máli, til dæmis *Bréf til Láru* eins og fyrr er getið. En tvísæið er einmitt eitt af höfuðeinkennum Þórbergs og þá ekki síst í sjálfslýsingum hans.

Í kaflanum er hinu andlega og ljóðræna umhverfi Þórbergs í upphafi 19. aldar gerð góð skil, þátttöku hans í ungmennafélagshreyfingunni, málfundum þar og tímaritunum *Skinfaxa* og *Braga*. Hefur allt þetta orðið Þórbergi dýrmætur skóli, ekki síst í ljóðlistinni sem var mikið til umræðu í þessum félagsskap.

Á þessum árum gefur Þórbergur út ljóðakver sín tvö, *Hálfa skósóla* 1915 og *Spaks manns spjarir* 1917, bæði undir höfundarnafninu Styrr Stofuglamm. *Hvítir hrafnar* komu svo út 1922 undir hans eigin nafni og voru í þeirri bók ljóð hinna fyrri kvæðakvera ásamt níttján nýjum ljóðum. Í umfjöllun sinni um þessar bækur rekur Soffía nánar áhrif Heines á ljóðskap Þórbergs og skýrir ýtarlega uppreisn hans gegn nýrómantísku stefnunni í ljóðagerð, þar sem hann beitir bæði tvísæi í anda Heines og súrrealistiskum efnistöfum og skoplegum stælingum undir fornum háttum eins og í kvæðinu „Fútúrískar kveldstemningar“ undir hrynhendum hætti. Í umfjöllun sinni um *Hvíta hrafna* vitnar Soffía til formála Þórbergs fyrir bókinni þar sem hann segir:

¹⁰ Matthías Johannessen: *Í kompaní við allifjóð*. Helgafell. Reykjavík 1959, bls. 18–19.

¹¹ *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 168.

Einstaka orðatiltækjum hefi ég leyft mér að hnupla frá öðrum rithöfundum, en það ætti ekki að verða mér að þungum áfellisdomi, því að vorir „klassisku“ snillingar hafa aukið fræð sína með sams konar rækt við lífs og liðna. „Hvað höfðingjarnir hafast að, | hinir ætla sér leyfist það.“¹²

Soffía telur áhrif Heines vera meiri á skrif Þórbergs en hann sjálfur vildi vera láta, ekki síst í óbundnu máli og hygg ég að það sé rétt mat. Hitt er svo annað mál að Þórbergur hnuplar frá ýmsum í ritum sínum eins og flestir rithöfundar og hefur Soffía og fleiri, eins og áður segir, dregið töluvert af slíku fram úr *Bréfi til Láru*. Þar hygg ég að Laxness hafi lært talsvert af Þórbergi (eins og í fleiru) og gengið reyndar talsvert lengra en meistarinn. Má í því sambandi til dæmis benda á *Rætur Íslandsklukkunnar* eftir Eirík Jónsson.

Soffía færir sterk rök fyrir því að Þórbergur hafi hugsað sér að gerast ljóðskáld og metnaður hans staðið til þess þótt hann taki sjálfur hvað eftir annað fram að svo hafi ekki verið.

Lok kaflans snúast um andóf hins forna byltingarmanns í ljóðagerð gegn óbundnum atómskáldskap. Sjónarmið hans í þeim efnunum koma vafalaust best fram í „Bréfi til Ragnars“¹³ Þar leggur Þórbergur áherslu á að stuðluð og háttbundin ljóð loði mönnum betur í minni en óbundin ljóð og þau örvi skilning manna og hafi aukið Íslendingum þroska í aldanna rás.

Ljóð, sem við höfum lært, gerast förunautar, sem fylgja okkur svo lengi, sem við munum eftir þeim. Og það eru hljóðir og hæverskir förunautar, sem ávarpa okkur aldrei, nema þegar okkur langar til að hafa orðaskipti við þá.¹⁴

Rök Þórbergs standa hér vissulega fyrir sínu en merkilegt má þó kalla að hann skyldi ekki fagna hinum nýja óbundna stíl sem viðbót við stíl hefðbundins kveðskapar, viðbót sem eykur tjáningarmátt ljóðsins.

Það er vissulega rétt sem Soffía segir að Þórbergur teflir fram þeim rökum að óbundnu ljóðin séu „lélegur skáldskapur“ og „leiðinlegur skáldskapur“ en hann gerir því einnig skóna að hugsanlega sé þarna um að ræða „einlæg[a] leit að fullkomnara „tjáningarformi“! Og segir síðan: „Sú leit hefur ekki ennþá borið sýnilega ávexti. En þá fer ég að hugsa: Mannshöfuðið er ekki aðeins þungt. Það er líka lengi að skapast.“¹⁵ Þórbergur vitnar hér óbeint til ljóðsins „Mannshöfuð er nokkuð þungt“, upphafsljóðsins í bók Sigfúsar Daðasonar, *Ljóð 1947–1951*, sem kom út 1951, og virðist honum ekki hafa þótt mikið til þess koma. En Þórbergur skýtur hér vissulega yfir markið því ýmis góð óhefðbundin ljóð og heilar ljóðabækur í lausbeisluðu formi höfðu komið út þegar hér var komið sögu. Nægir þar að benda á *Þorpið* eftir Jón úr Vör, eina af listilegustu ljóðabókum aldarinnar, sem út kom 1946, og trúlega hefur Þórbergur kunnað að meta óbundinn ljóðskap vinar síns, Jóns Thoroddsen, í *Flugum* sem út kom 1922. En aðra skýringu má einnig lesa út úr bréfi Þórbergs til Ragnars í Smára. Hún er sú að hinn mikli stílsnillingur hefur óttast að „atómljóðin“ yrðu til þess að menn misstu brageyrað og þá glataðist um leið hið gamla form í stað þess að „atómljóðin“ yrðu nýtt tjáningarform, viðbót sem auðgaði íslenska ljóðagerð. Sá ótti var einmitt ríkur meðal margra stuðningsmanna hefðarinnar enda drógu sumir boðberar hins nýja skáldskapar enga dul á að rímstaglið gamla hefði þegar gengið sér til húðar og væri ekki fært um að túlka flókinn nútímann. Þessi ótti birtist einmitt nokkru aftur í „Bréfi til Ragnars“ í spélegri framtíðarvitrun sem Þórbergur segist hafa fengið af astralplaninu þess efnis að atómskáldskapurinn verði búinn að vinna sigur á hefðinni með næstu kynslóðum Íslendinga.

¹² Þórbergur Þórðarson: *Hvítir hrafnar*. Reykjavík 1922, bls. 8.

¹³ Bréfið er ritað í tilefni hálftrar aldar afmælis Ragnars Jónssonar í Smára 7. febrúar 1954 en birtist fyrst á prenti í 7. árgangi Helgafells 1955.

¹⁴ Þórbergur Þórðarson: „Bréf til Ragnars.“ *Helgafell*. 7. árgangur 1955, bls. 57.

¹⁵ Þórbergur Þórðarson: „Bréf til Ragnars.“ *Helgafell*. 7. árgangur 1955, bls. 60.

Sjöundi kafli heitir „Hinn slungni sálkönnuður“ og hefur undirtitilinn „*Fjölmyndasafn Þórbergs*“

Kaflinn hefst á eftirfarandi tilvitnun til greinar Halldórs Laxness, „Við Þórbergur“, sem birtist í bók hans *Seisejú, mikil ósköp 1977*:

Þórbergur var í mínum augum ekki aðeins tveir eða þrír menn, heldur tvær eða þrjár ólíkar heimsmenningar að gáskafullum leik í einni persónu sem þó aldrei klofnaði.¹⁶

Þá vitnar Soffía til til Þórbergs sjálfs um hinar fjölbreyttu sjálfsmyndir sínar í *Bréfi til Láru* og einnig til greinar hans, „Einum kennt – öðrum bent“, þar sem hann segir:

Allar bækur eru einskonar fjölmyndir, pólifótó, sem höfundurinn hefur fest á pappír af sínum innra manni.¹⁷

Kaflinn fjallar síðan um hinar fjölmörgu sjálfsmyndir Þórbergs eða fjölmyndir þær sem hann gefur af sjálfum sér í ritum sínum. Soffía styðst þar bæði við sálfræðilegar og heimspekilegar kenningar og kenningar bókmenntafræðinga um sjálfsævisögur. Einnig snýst umfjöllun kaflans um hina sífelldu innri baráttu Þórbergs við eigið sjálf sem speglast ekki hvað síst í því að hann setur sér stöðugt lífsreglur, sem hann brýtur, og semur nýjar og þannig koll af kalli. Þá ræðir Soffía um hið svokallaða flökkusjálf og vísar þar einkum til heimspekingsins Rosi Braidotti en hún stefnir hinni flakkandi hugsun (e. nomadic thinking) gegn hugmyndunum um aðskilnað hugsunar og holds – efnis og anda.¹⁸ Flakkið er ekki síst fólgið í uppreisn gegn stöðluðum hugmyndum og stórasannleik. Það er einnig stöðug leit að einhverju nýju. Hvort tveggja á vissulega vel við Þórberg, skoðanir hans og skrif. Uppreisnin gegn hefðinni kemur meðal annars fram í afbyggingu karlmennskunnar í skrifum Þórbergs en fyrir henni gerir Soffía góða grein í þessum kafla og hygg ég að þar sé um nokkra nýjung að ræða í Þórbergsrannsóknnum. Þá brýst Þórbergur stöðugt undan stöðluðum hugmyndum og tengir saman það sem ólíkt er: hold og hugsun, nánd og fjarlægð, sveitamennsku og alþjóðahyggju. Ofvitinn úr Suðursveit, sem lýst hefur mannlífi og menningu þeirrar sveitar best allra, verður þjóðleysingi af hugsjón. Og skyldu menn ætla að hin römmu tengsl við áttagana og stefna þjóðleysingja hljóti að rekast illa á en þegar betur er að gáð fer þetta prýðilega saman. Hin þjóðlausu tunga, Esperanto, færir í raun afskekktustu sveitir inn í hringiðu heimsins þar sem allir menningarkimar fá að blómstra og auðga þannig heimsmenninguna.

Í síðasta hluta sjötta kafla er fjallað um Þórberg sem húmorista, háðfugl og hermíkráku og hann síðan borinn saman við Chaplin, sem var snillingur að túlka hið tvöfalda eðli trúðsins, hið skoplega og hið harmræna. Rit Þórbergs flestöll einkennast einmitt af slíku tvísæi þar sem skiptast á alvara og gaman, sorg og gleði, og hefur skop hans orðið það krydd sem ekki hvað síst hefur gefið skrifum hans líf og lit. Það var enda skoðun Þórbergs, eins og Soffía bendir á fyrir í kaflanum og vitnar þar til meistarans sjálfs í þrítugasta og þriðja kafla *Bréfs til Láru*, að:

Sá, sem veitir mannkyninu fegurð, er mikill velgerðarmaður þess. Sá, sem veitir því speki, er meiri velgerðarmaður þess. En sá, sem veitir því hlátur, er mestur velgerðarmaður þess.¹⁹

Og hér hefði einnig mátt vísa til lokaorða þess sama kafla *Bréfs til Láru*:

Grunntónn tilverunnar er meinlaust grín.²⁰

¹⁶ Halldór Laxness: „Við Þórbergur“ *.Seisejú, mikil ósköp*. Reykjavík 1977, bls. 56.

¹⁷ Þórbergur Þórðarson: *Einum kennt – öðrum bent*. Tuttugu ritgerðir og bréf 1925–1970, bls. 234.

¹⁸ Sjá: *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 207.

¹⁹ Þórbergur Þórðarson: *Bréf til Láru*. II. útgáfa 1925, bls. 180.

Áttundi kafli nefnist „Kennt, bent og sýnt í verki“ og ber undirtitilinn: „*Ævisagnafræði, ævisagnaritun og stílskrif Þórbergs*“

Upphaf kafllans fjallar um skrif Þórbergs um ævisögur og þá fyrst og fremst ritdóma hans um bók Theódórs Friðrikssonar, *Í verum* og um *Hornstrendingabók* Þorleifs Bjarnasonar en sá ritdómur nefndist „Einum kennt öðrum bent“. Í báðum þessum ritdómum gagnrýnir Þórbergur bækurnar óvægilega en nefnir jafnframt það sem honum þykir vel gert í þeim. Eitt þeirra atriða sem Þórbergur gagnrýnir bæði hjá Theódóri og Þorleifi er skortur á nákvæmi. Til dæmis þykir honum mjög skorta nákvæmni í lýsingu Theódórs á baðstofunni á Mosfelli og víðar og vitnar hann þar í kvæðið „Rigningu“ eftir Einar Benediktsson til marks um hvers vegna svo mikilvægt sé að lýsa hinu smáa. „Í hverju blómi er himingróður / í hverjum dropa reginsjór.“²¹ Hér mætti bæta því við að víðar sækir Þórbergur heimspekilegar hugleiðingar til síns gamla uppahaldsskálds, Einars Benediktssonar, og einnig til austrænnar yogaheimspeki en hún og heimspeki Einars fara hér reyndar saman.

Segja má að Þórbergur komi í ritdómunum tveim með eins konar forskrift fyrir ævisagnaritun (og reyndar einnig annars konar ritun) bæði hvað varðar stíl og frásagnarhátt og einnig tengir hann stíl persónuleika þess sem skrifar.²² Áður hafði Soffía nefnt hinar fjölpættu myndir Þórbergs og hún veltir nú fyrir sér hvernig þessar hugmyndir hans passi við hann sjálfan og verk hans. Síðan fjallar hún um *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar* og þau vandamál sem fylgja túlkun hennar. Hversu ríkan þátt á Þórbergur í að túlka sögumanninn fræga, séra Árna Þórarinsson? Er mögulegt að greina hlut hvors um sig að þegar kemur að frásagnarhætti og stíl? Við þeirri spurningu hefur hún í raun ekkert svar. En til þess að svara henni mætti til dæmis reyna að bera saman stíl Þórbergs í *Ofvitanum* og stúlinn í *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar* þar sem Árni hefur orðið. Það gæti orði forvitnilegt fyrir seinni tíma rannsakendur verka Þórbergs.

Soffía dregur vel saman hugmyndir Þórbergs um ritun ævisagna og vísar þar einkum til fyrrnefndu ritdómanna tveggja um bækurnar *Í verum* og *Hornstrendingabók* og minningarorða Þórbergs um séra Árna, sem birtust í Þjóðviljanum 13. febrúar 1948: „Árni prófastur Þórarinsson. Síðasti fulltrúi forrarr frásagnarsnilli.“ Minningarorðin voru síðan birt aftan við *Ævisögu séra Árna*. Tvær tilvitnanir hennar í minningarorðin eru sérstaklega merkilegur vitnisburður um viðhorf Þórbergs til frásagnarlistarinnar. Sú fyrri er eftirfarandi:

Í frásagnarsnilli er aðeins einn erfiðleiki. Það er að gera staðleysur að staðreyndum, sem áheyrandinn trúir. Þess vegna kemur snillingurinn fram fyrir hlustendur sína saklaus í framan eins og nýfæddur kálfur. Þetta er upphaf og endir hinnar sönnu listar.²³

Og síðan bendir Þórbergur á að séra Árni hafi haft allt annan hæfileika en þann sem spunninn væri af „óbrotinni lyganáttúru“ þar sem hann hafi verið skáld og heldur svo áfram:

²⁰ Þórbergur Þórðarson: *Bréf til Láru*. II. útgáfa 1925, bls. 180.

²¹ Sjá *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 233. „Í hverju blómi er himingróður / í hverjum dropa reginsjór.“ Soffía bendir á í tilvitnun að Þórbergur hafi þarna vitnað rangt til ljóðsins og riti „blómi“ en ekki „strái“ eins og Einar kvað en henni verður aftur á móti á að rita „reginsjár“ í stað „reginsjór“ þar sem er „reginsjór“ hjá Einari og Þórbergi enda rimbundið.

²² Einnig má benda á að Þórbergur taldi að lesa mætti úr rithönd manna geðsalag þeirra og hugsanagang, sbr. Bréf til rithandarfræðikonu <http://tradukisto.esperanto.is/contents/show/43>.

²³ Þórbergur Þórðarson: „Árni prófastur Þórarinsson. Síðasti fulltrúi forrarr frásagnarsnilli.“ *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*. Önnur prentun endurskoðuð. Fært hefur í letur Þórbergur Þórðarson. Síðara bindi. Reykjavík. Mál og menning 1970, bls. 557.

En öllum skáldmennum er sú list í brjóst lagin að kunna að mikla þau atriði í frásögn, sem eiga að vekja sérstaka eftirtekt. Og stundum virðist næmi þeirra svo mikið, að atvikin, sem mæta þeim í lífinu, verða mikilfenglegri og lífrænni fyrir þeirra skynjun en athygli annarra manna. Það er ein af náðargáfum snillingsins að trúa því, sem hann veit, að er lygi.²⁴

Þá kemur fram í orðum Árna sjálfs um Ágúst bróður sinn að hann hefur haft sama skilning og Þórbergur á frásagnarlistinni sem meðal annars var fólgin í því að ýkja og skerpa andstæður, „smækka það smáa og stækka það stóra“.

Soffía tekur það fram að *Ævisaga Árna* sé á mörkum þess að geta talist ævisaga í hefðbundnum skilningi þar sem efnið sé nokkuð sundurlaust og útúrdúrar margir og nefnir í því sambandi lýsingar ýmissa manna á verkinu, til dæmis Halldórs Laxness „sem lýsti ævisögunni sem „absúrdsögu“ [. . .] um absúrðmann“²⁵ og bendir Soffía síðan á að *Kristnihald Laxness* sjálfs sæki mikið til *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar*.²⁵

Þetta verk Þórbergs sýnir því enn og aftur uppreisn hans gegn hinu hefðbundna formi. Það einkennist af mörgum bókmenntagervum ekki ósvipað því sem *Bréf til Láru* gerir.

Í þessum kafla fjallar Soffía einnig um líkindin milli aðferðar Boswells, er hann ritaði *Ævisögu Samuels Johnsons*, og aðferðar Þórbergs við ritun *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar* og er ljóst að skyldleikinn er mikill. Hér má til dæmis nefna hina miklu áherslu beggja á smáatriði í lýsingum og báðir lifa sig nánast inn í sálarlíf og ytra háttalag persónanna sem þeir lýsa.

Hér má einnig bæta því við að náttúrleg nákvæmni Þórbergs á vafalaust sinn þátt í stílsmáttanum og trúlega gætir hér einnig áhrifa frá yogafræðum hans. Má í því sambandi til dæmis vísa til bókarinnar *Starfsrækt* eftir Svámi Vivekananda sem út kom á íslensku 1926 í þýðingu Jóns Thoroddsen og Þórbergs Þórðarsonar. Og það er einmitt í anda karma-yoga, sem Þórbergur lagði svo mikla rækt við að lifa sig inn í hvert það verk, sem hann vann, og sálarlíf þeirra persóna sem hann lýsti. Og segja má að hann kappkosti að fylgja þeirri reglu sem svo er orðuð í *Starfsrækt* á einum stað:

Þegar þú vinnur verk, skaltu ekki hugsa um neitt annað. Vinn það eins og guðsdýrkun, eins og æðstu guðsdýrkun, og helgaðu því allt líf þitt meðan á því stendur.²⁶

Og þar segir einnig:

Þú verður að setja þig á sjónarhæð eplatrésins til þess að dæma það, og til þess að dæma eikina verðurðu að setja þig á hennar eigin sjónarhæð, og svo er um oss öll.²⁷

Og mikilvægi þess að leita þekkingar og miðla henni er einnig í anda karma-yoga því

Sá, sem veitir andlega þekking, er mesti velgerðamaður mannkyns, og þeir, er bætt hafa úr andlegum þörfum manna, hafa verið máttugustu mennirnir, því að það er undirstaða allra annara verka.²⁸

²⁴ Þórbergur Þórðarson: „Árni prófastur Þórarinsson. Síðasti fulltrúi fornrar frásagnarsnilli.“ *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*. Önnur prentun endurskoðuð. Fært hefur í letur Þórbergur Þórðarson. Síðara bindi. Reykjavík. Mál og menning 1970, bls. 559.

²⁵ *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 250.

²⁶ Svámi Vivekananda: *Starfsrækt* (Karma-yoga) Átta fyrirlestrar. Jón Thoroddsen og Þórbergur Þórðarson þýddu. Reykjavík 1926, bls. 70.

²⁷ Svámi Vivekananda: *Starfsrækt* (Karma-yoga) Átta fyrirlestrar. Jón Thoroddsen og Þórbergur Þórðarson þýddu. Reykjavík 1926, bls. 27.

²⁸ Svámi Vivekananda: *Starfsrækt* (Karma-yoga) Átta fyrirlestrar. Jón Thoroddsen og Þórbergur Þórðarson þýddu. Reykjavík 1926, bls. 40.

Þessi sjónarmið hans koma vel fram í *Meistarar og lærisveinar* (eftir stóra ævisögulega handritinu) sem Soffía vitnar í til þess að útskýra nánar hvers vegna Þórbergur gaf sig ekki að hefðbundinni skáldsagnagerð:

Mitt mikla mein sem rithöfundur var það að ég leit allt af svo á að allar bækur ættu að hafa þrjá megineiginleika: Þær ættu að vera fræðandi, göfgandi og örvandi. Þessa eiginleika fann ég að eins í fræðibókum og lestur þeirra hefur mér æfinlega þótt miklu skemmtilegri en lestur svonefndra fagurra bókmennta. Þess vegna stritaði ég allt af við að gefa ritum mínum þetta uppbyggilega form. En af því að ég veit að fólk sækist meira eftir hinu skáldlega formi, þá kryddaði ég ritverk mín með listrænum setningum eða köflum [. . .]²⁹

Og í *Sálminum um blómið* hafði Þórbergur komist svo að orði eins og Soffía tekur fram:

að engin saga væri alveg nógu góð, nema hún hefði þrjár náttúrur. Hún varð að vera fræðandi, göfgandi og örvandi. Það er að segja: Hún varð að tala við höfuðið og hjartað og hendurnar.³⁰

Níundi og síðasti kafli bókarinnar nefnist „Ég er eins og menn verða eftir næstu aldamót“ með undirfyrirsögninni: „*Þórbergur Þórðarson og íslenskar bókmenntir á tuttugustu og fyrstu öld*“

Titillinn er sóttur í viðtal sem piltur í MR (Davíð Oddsson) átti við Þórberg 13. mars 1968. Talið berst þar að því að Þórbergur hafi aldrei skrifað skáldsögu. Þórbergur játar því hvorki né neitar og ber sínar sögur saman við „Íslendingasögur á síðari hluta ritaldar“ sem séu „blendingur úr tilbúningi og sannsögli“ og er það í samræmi við það sem hann hafði áður sagt í samtali við Matthías Johannessen *Í kompaní við allífið*. Pilturinn gengur þá á hann og segir:

„Þú ert móderni maður og hefur kannski ekkert gaman af því.“

Og Þórbergur svarar:

„Ég er ekki móderni. Ég er eins og menn verða eftir næstu aldamót.“³¹

Soffía dregur síðan fram ýmsar tilvitnanir samtímahöfunda til Þórbergs sem benda vissulega til þess að mikil vakning sé að verða um bækur hans og þótt Pétur Gunnarsson fari vissulega fremstur í flokki þeirra skálda sem fjallað hafa um Þórberg þá er ljóst að áhugi á verkum Þórbergs og frásagnartækni hans fer vaxandi um þessar mundir.

²⁹ Þórbergur Þórðarson: *Meistarar og lærisveinar*. Arngrímur Vídalín bjó til útgáfu. Forlagið. Reykjavík 2010, bls. 99.

³⁰ Þórbergur Þórðarson: *Sálmurinn um blómið*. Helgafell. Reykjavík 1954, bls. 107.

³¹ *Ég skapa þess vegna er ég*, bls. 264. Viðtalið birtist í *Skinfaxa*, skólablaði Menntaskólans í Reykjavík 1968, 28. ár, bls. 12–13.

Lokaorð

Ég hef nú drepíð á ýmis meginatriði sem fram koma í hinu mikla og vandaða verki Soffiu Auðar. Segja má að meginviðfangsefni verksins sé að gera grein fyrir hinum margslungnu bókmenntagervum Þórbergs og stöðugri uppreisn hans gegn hefðinni, ýmist fyrir innlend eða erlend áhrif. Andóf Þórbergs gegn hefðinni hefst þegar með ljóðagerð hans þar sem hann rís gegn nýrómantíkinni og skopstælir kvæði þeirrar stefnu. Bréf til Láru er svo algerlega nýtt bókmenntagervi sem á sér þó bæði íslenskar og erlendar rætur.

Segja má að brot Þórbergs á hefðinni hafi verið ríkjandi í flestum skáldskap hans nema ljóðagerð þar sem hann snerist öndverður gegn hju frjálsa formi atómskáldskaparins. Smásmuguleg nákvæmni í frásögn, útúrdúrar, rómantísk hæðni og stöðug blanda ólíkra efnisatriða og furðusagnir einkenna bókmenntagervi Þórbergs. Andstæður kallast á í verkum hans: staðreyndir og hugarflug, líkami og sál, líf og dauði. En jafnframt því að vera andstæður eru þetta nokkurs konar hliðstæður sem renna jafnvel saman, eins konar díalektísk hughyggja. Og kannski eru það einmitt þessi atriði í frásagnarstíl Þórbergs, fremur en nokkuð annað, sem gera honum kleift að lýsa sinni fjölbættu skaphöfn og lífskoðun. Minnir þetta að sumu leyti á heimspeki hans gamla uppáhaldsskálds, Einars Benediktssonar, sem svo kvað í „Einræðum Starkaðar“:

Hið smáa er stórt í harmanna heim,
höpp og slys bera dularlíki

Segja má að mikill hluti verka Þórbergs snúist um að draga upp hina fjölbættu og breytilegu sjálfsmynd sína sem Laxness lýsir svo og fyrr er vitnað til:

Þórbergur var í mínum augum ekki aðeins tveir eða þrír menn, heldur tvær eða þrjár ólíkar heimsmenningar að gáskafullum leik í einni persónu sem þó aldrei klofnaði.

Það er lýsing ofvitans úr Suðursveit, þjóðleysingjans, kommúnistans og hins margvísa yoga, sem var samgrónari íslenskri sveitamenningu en flestir ef ekki allir aðrir. En þessi lýsing er ekki endilega rétt samkvæmt öllum staðreyndum og mælingum kompáss og skrefa sem Þórbergi voru svo tamar. Hugarflug höfundar í hinu „lausbeislaða formi“, þar sem eitt er stækkað og annað minnkað gerir þessi verk hans að eins konar ævigoðsögnum (e. biomythography) eins og Soffía nefnir það.

En Þórbergur lýsir ekki einungis sjálfum sér heldur fjölda annarra. Og frægust þeirra eru Lilla Hegga og Árni prófastur Þórarinsson. Í verkum sínum um þau leggur Þórbergur allt kapp á að lifa sig inn í og setja sig rækilega í spor sögupersónanna, nánast samsama sig þeim. Til þess verður hann að grípa til alls konar útúrdúra, ekki síst í *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar* svo fremur má þar tala um nýtt bókmenntagervi heldur en hefðbundna ævisögu þar sem Þórbergur fer sínar eigin leiðir eins og í flestum fyrri verkum sínum.

Soffía Auður Birgisdóttir hefur í bók sinni, *Ég skapa – þess vegna er ég*, lýst vinnubrögðum Þórbergs og bókmenntasköpun hans betur og rækilegar en gert hefur verið til þessa og í raun skilgreint form verka hans svo vel að litlu er þar við að bæta.

Hitt er svo annað mál að fjölmargt er enn órannsakað í skáldskap og lífspeki ofvitans úr Suðursveitinni og hvernig hann vinnur stöðugt úr lífsviðhorfum sem í fljótu bragði sýnast ólík og berst ótrauður fyrir þeim. Einkum er forvitnilegt að rannsaka hvernig hann aðhyllist stöðugt nýjar, og að því er virðist, ólíkar stefnur og hugmyndir án þess að varpa hinum fyrri fyrir róða og skapar sér þannig fjölbættari heimsmynd en flestir aðrir. Sömuleiðis væri gaman að fjalla nánar um hvernig austræn yogaspeki mótaði vinnubrögð Þórbergs og hvaða áhrif

expressionisminn, sem hann var einna fyrstur manna til að kynna Íslendingum, hafði á viðhorf hans til stíls og málbeitingar.³²

Ég vil að lokum þakka Soffiu Auði fyrir sína prýðilegu bók sem markar sannarlega tímamót í Þórbergsrannsóknum.

³² Sjá: Þýðingu hans og Hallbjarnar Halldórssonar á sögunni *Mannsborn* eftir Henrik (Allari) Seppik sem birtist í 3. tölublaði *Iðunnar* 1927 og er nú aðgengileg á *La Tradukisto* á netinu: <http://tradukisto.esperanto.is/contents/show/74>.